



Stjórn SSH 333. fundur

Mánudaginn 30. mars 2009 kl.12:15 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu saman til fundar á skrifstofu SSH að Hamraborg 9, Kópavogi.

Eftirtaldir stjórnarmenn sátu fundinn: Haraldur Sverrisson, Hanna Birna Kristjánsdóttir, Gunnar Einarsson, Gunnar I. Birgisson, og Lúðvík Geirsson.
Framkvæmdastjóri, Páll Guðjónsson sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.

Haraldur Sverrisson formaður setti fund og stjórnaði honum.

Þetta gerðist:

1. Strætó bs – staða rekstrar og horfur

Fulltrúar Strætó bs, Jórunn Frímannsdóttir, stjórnarformaður, Reynir Jónsson og Hörður Gíslason sátu fundinn undir þessum lið.

Rætt var um rekstur og fjárhagsstöðu byggðasamlagsins og horfur í rekstri byggðasamlagsins að óbreyttu, sem og mögulegar leiðir til að taka á fjárhagsvanda fyrirtækisins.

Niðurstaða:

- Samþykkt að taka málefni byggðasamlagsins aftur til umræðu og ákvarðana á næsta fundi stjórnar SSH þann 4. maí nk. Tími á milli funda verði notaður til að stilla upp ítarlegu mati á áhrifum allra þeirra kosta sem til greina koma til að bæta núverandi stöðu og leysa fjárhagsvanda fyrirtækisins.

2. Ársreikningur SSH fyrir árið 2008.

Fyrir lá fullfrágenginn og endurskoðaður ársreikningur SSH fyrir árið 2008.
Stjórn samþykkti og áritaði reikninginn.

3. Vinnuskólinn 2009 – staða og möguleikar á samræmingu sveitarfélaganna á starfsskipulagi, vinnutíma, launum o.fl.

Fyrir lá minnisblað framkvæmdastjóra vegna fundar sem haldinn var með forstöðumönnum vinnuskólanna á höfuðborgarsvæðinu. Þar kom fram að sveitarfélögin munu mæta allri aðsókn grunnskólanema í störf hjá vinnuskólanum á sumri komandi, og leitað er leiða til að mæta aukinni aðsókn eldri árganga í sumarstörf hjá sveitarfélögum. Endanlegar upplýsingar um aðsókn liggja ekki fyrir,



en upplýsingum verður safnað saman og þeim miðlað til aðildarsveitarfélaganna um leið og þær liggja fyrir

4. Skógræktarfélag Íslands.

Fyrir fundinum lágu tvö erindi frá Skógræktarfélagi Íslands:

- a) Erindi vegna „Græna stígsins“ og formlegrar stöðu hans í svæðisskipulagi og aðalskipulagi sveitarfélaganna:

Stjórn SSH beinir því til Samvinnunefndar um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins að tilvist og lega „Græna stígsins“ verði ákvörðuð í tengslum við endurskoðun svæðisskipulagsins og sömuleiðis beinir stjórnin því til aðildarsveitarfélaganna að þau horfi til málsins með sama hætti við endurskoðun á aðalskipulagi sveitarfélaganna.

- b) Beiðni um 3 m. króna styrk vegna áfallins kostnaðar við undirbúning og hönnun í tengslum við „Græna trefilinn“

Stjórn SSH óskar eftir því að lagt verði fram kostnaðaryfirlit vegna þessa verkefnis áður en tekin verður afstaða til erindisins.

5. Fjölsmiðjan – húsnæðismál.

Fyrir fundinum lágu niðurstöður vegna útboðs á leiguhúsnæði fyrir starfsemi Fjölsmiðjunnar, ásamt minnisblaði Framkvæmdasýslu ríkisins um úrvinnslu og mat á þeim tilboðum sem bárust. Lagt er til að tekið verði á leigu húsnæði að Víkurhvarfi 2 í Kópavogi. Hlutdeild aðildarsveitarfélaga í árlegum leigugreiðslum vegna þessa yrði um 10.8 m. króna sem skiptast myndi á milli sveitarfélaganna á gundvelli höfðatölu.

Stjórn SSH telur þetta góða niðurstöðu og samþykkir að áfram verði unnið að máli á grundvelli hennar.

6. Önnur mál.

a) Erindi starfshóps um atvinnumál stúdenta á háskólastigi.

Fyrir fundinum lá erindi starfshóps um atvinnumál stúdenta á háskólastigi þar sem óskað er eftir 3 m. króna fjárframlagi SSH til að styðja við sumarverkefnasjóð sem ætlað er að skapa möguleika á styrkjum til ýmissa verkefna fyrir stúdenta á háskólastigi.

Þar sem fjárhagsáætlun SSH fyrir þetta ár gerir ekki ráð fyrir fjármunum til styrkveitinga getur stjórn SSH ekki orðið við erindinu, en bendir á að aðildarsveitarfélög SSH koma nú þegar með ýmsum hætti að aðgerðum sem ætlað er að skapa stúdendum á háskólastigi atvinnumöguleika í sumar.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:45